



Starfsáætlun Leikholts skólaárið 2021-2022



Efnisyfirlit:

Inngangur.....	3
Í Leikholti eru 3 deildir:	3
Vörðufell	4
Hestfjall.....	5
Hekla	6
Aðrir starfsmenn:	7
Leikskóladagatal 2021-2022.....	8
Sóttvarnir	9
Stefna Leikhólts	10
Sérkennsla	10
Markmið snemmtækrar íhlutunar í Leikholti:.....	11
Foreldrasamstarf	11
Foreldrasamstarf – foreldrasamvinna	12
Foreldraviðtöl	12
Foreldrafélag	12
Skólanefnd	13
Mat á skólastarfi.....	13
Samstarf milli leik- og grunnskóla.....	14
Lokaorð	15

Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 kemur fram í 5.mgr. 11.gr. og einnig í Aðalnámskrá leikskóla (2011) að leikskólastjóra beri að gefa árlega út starfsáætlun leikskóla. Í henni skal gerð grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er viðkemur starfseminni.

Kynna þarf starfsáætlun og starf leikskólans fyrir foreldrum ár hvert. Í Leikholti hafa verið farnar ýmsar leiðir og að þessu sinni fór kynningin fram í rafrænu formi (pdf og jpg) sem sett var inn á Fésbókarsíðu leikskólans og einnig send í tölvupósti ásamt að vera birt á upplýsingaskjá í anddyri leikskólans. Sú kynning var send til foreldra. Þessi kynning fór svona fram vegna samfélagsaðstæðna í Covid ástandi.

Þessi skýrsla hefur að geyma starfsáætlun leikskólans Leikholtsskólaárið 2020-2021 og er hugsuð sem skýr leiðarvísir á því starfi sem fer fram í leikskólanum.

Þar sem þessi skýrsla var ekki lögð fyrir skólanefnd fyrr en í janúar 2022 þá er hér einnig breytingar sem urðu á starfi, fjölda barna og starfsmanna.



Í Leikholti eru 3 deildir:

Hekla með börn fædd árin 2019 og 2020 fyrir áramót og síðan 2020 og 2021 eftir áramót

Hestfjall með börn fædd 2018 og 2019

Vörðufell með börn fædd árin 2016, 2017 og 2018

Samtals voru 35 börn í leikskólanum í ágúst 2021 og er áætlað að börnin verði 43 talsins í Leikholti frá eins til fimm ára á þremur deildum í mars 2022.



Vörðufell

1. Margrét Unnur
2. Hilda Linnea
3. Helga Hrönn
4. Díta Katrína
5. Ingibjörg Halla
6. Kári Fannar
7. Elísabet Anna
8. Halldóra Björk
9. Pía Rún
10. Bendegúz Björn
11. Hjalti Snær
12. Arnar Elí
13. Daníel Þorvarður
14. Elma Katrín
15. Axel
16. Emillía Dís
17. Ragnhildur Helga
18. Einar Ingi
19. Kolbrún Heiða
20. Elín Freyja

8 x 2016

Haukur

6 x 2017

Dísa/Sigga

6 x 2018

Helga

Starfsmenn í Vörðufelli:

- **Haukur Vatnar deildarstjóri**
- Dísa leikskólakennari
- Sigga leiðbeinandi
- Helga leikskólakennari
- Oddrún Þroskaþjálfí leysa af kennara í undirbúning
- Sigurlaug leiðbeinandi leysa af kennara í undirbúning



Vörðufell

Haustið 2021 byrjaði með þessum 20 börnum og var planið þá að hafa þessa starfsmenn með hópana inn á þeirri deild. Þessi 20 börn gefa 2,9 stöðugildi plús undirbúningstöðugildi 0,52.

Þetta skipulag breytist fljótt þegar leið á haustið með því að hún Sigga hætti störfum hjá okkur 30. september 2021 – Við óskum henni góðs gengis í nýrri vinnu og þökkum samstarfið.

Aleksandra hætti þá í stöðu sinni í eldhúsi/ræstingu og fór inn hálf á móti Dísu til að byrja með 2017 árganginn. Aðstæður breyttust hjá Sigurlaugu og hætti hún við að koma og tók Aleksandra tímabundið við afleysingum móti hópavinnu í Vörðufelli.

Eftir áramót urðu því þessar breytingar:

- Aleksandra tók alveg við hópastarfi með árganginn í 90% stöðu frá og með 18. nóv.
- Nanna Mjöll, sem byrjaði að vinna hjá okkur í október, tók að sér að leysa af í undirbúning í Vörðufelli eftir hádegi
- Odda fór alveg inn á Hestfjall á móti Sérkennslu
- Nýtt barn byrjaði í elsta árgangi

Vörðufell

1. **Eyrún Ýr**
2. Margrét Unnur
3. Hilda Linnea
4. Helga Hrönn
5. Díta Katrína
6. Ingibjörg Halla
7. Kári Fannar
8. Elísabet Anna
9. Halldóra Björk
10. Pía Rún
11. Bendegúz Björn
12. Hjalti Snær
13. Arnar Elí
14. Daníel Þorvarður
15. Elma Katrín
16. Axel
17. Emillía Dís
18. Ragnhildur Helga
19. Einar Ingi
20. Kolbrún Heiða
21. Elín Freyja

9 x 2016

Haukur

6 x 2017

Aleksandra

6 x 2018

Helga

Starfsmenn í Vörðufelli:

- **Haukur Vatnar deildarstjóri**
- Aleksandra leiðbeinandi
- Helga leikskólakennari
- Nanna Mjöll leiðbeinandi leysir kennara af í undirbúning



Haukur

Aleksandra

Helga



Nanna Mjöll



Hestfjall

1. Þórður
2. Sigurður Darri
3. Henryr Þór
4. Ásthildur Lilja
5. Óskar Frosti
6. Brynja Dögg
7. Hafdís Hanna
8. Lóa Maja
9. Ísleifur Berg
10. Þórhildur Ragna

5 x 2018
1 x 2019

Sirry og
Jóna Heiðdís

4 x 2019

Anna María

Starfsmenn í Hestfjalli:

- Sirry deildarstjóri
- Jóna Heiðdís leiðbeinandi/löjubjálfi
- Anna María leiðbeinandi
- Oddrún Þroskaþjálfari leysir af kennara í undirbúning
- Sigurlaug leiðbeinandi leysir af kennara í undirbúning



Eftir áramót hættir Ásthildur Lilja og bætast við 3 börn fædd 2019:

- 10. Iðunn Saga
- 11. Elín Oddgeirs.
- 12. Logi Steinn

Hestfjall

Haustið 2021 byrjaði Hestfjall (Miðdeildin) með 10 börn og eitt barn fékk 0,5 stöðugildi í stuðning og var því starfsmannafjöldi 2,5 stöðugildi fyrir hádegi en 2 eftir hádegi. Eins og áður kom fram breyttust aðstæður hjá Sigurlaugu og kom Odda, Aleksandra og fleiri að afleysingum í undirbúning.

Eva María fædd 2019 byrjaði í nóvember 2021 og var út janúar 2022 og Ásthildur Lilja hætti hjá okkur í desember 2021 (flutningar).

Eftir ármót urðu þessar breytingar:

- Jóna Heiðdís fór úr sinni stöðu, minnkaði við sig og fór í afleysingar.
- Odda kom meira inn í Hestfjall og fór ekki inn á hinar deildir nema í sérkennslu.
- Dís kom inn og tók við hópastarfi með yngri hópinn.
- Sára kom inn í 20% og síðar 40% sem stuðningur á mótum Oddu fyrir barnið sem fær stuðning.
- Eva María hætti í janúar 2022.
- Í byrjun janúar byrjuðu Iðunn Saga, Elín og Logi Steinn í Hestfjalli og er þá allur 2019 árgangurinn kominn á sömu deild (8-9 börn)

Hestfjall

1. Þórður
2. Sigurður Darri
3. Henryr Þór
4. Óskar Frosti
5. Brynja Dögg
6. Hafdís Hanna
7. Eva María -- >hættir í febrúar
8. Lóa Maja
9. Ísleifur Berg
10. Þórhildur Ragna
11. Iðunn Saga
12. Elín Oddgeirs
13. Logi Steinn

4 x 2018
3-4 x 2019

5 x 2019

Starfsmenn í Hestfjalli:

- Sirry deildarstjóri/staðgengill leikskólalastjóra
- Jóna Heiðdís leiðbeinandi/löjubjálfi
- Anna María leiðbeinandi í leikskólalíðanámi
- Oddrún Ýr Þroskaþjálfari
- Sára leiðbeinandi í leikskólalíðanámi
- Dís leikskólakennari leysir kennara af í undirbúning



Sirry

Jóna Heiðdís

Sára



Anna María



Oddrún



Dís

Hekla

1. Iðunn Saga
 2. Elín Oddgeirs.
 3. Logi Steinn
 4. Birkir Hrafn
 5. Dagbjört
 6. Garðar Þor
 7. Elvar Þorri
 8. Edda Karen
- 3 x 2019
Oddný
- 5 x 2020
Rakel

Starfsmenn í Heklu:

- **Oddný deildarstjóri**
- Rakel háskólamenntaður starfsmaður með B.Ed. í leikskólakennarafræðum
- Oddrún Þroskajálfi leysa af kennara í undirbúning
- Sigurlaug leiðbeinandi leysa af kennara í undirbúning



Hekla

Haustið 2021 byrjuðu Oddný og Rakel með 3 börn í Heklunni. Vegna forfalla vann Elín Anna leikskólastjóri tímabundið í ágúst til nóvember 2021 í Heklunni.

Tvö börn byrjuðu í ágúst fædd 2020 og umsókn með einu barni var hætt við (fékk pláss í heimabyggð). Eitt barn fætt 2020 byrjaði í september og 7. barnið byrjaði á deildinni í október.

Aðlaganir gengu vel en þurfti að stytta vistunartímann hjá 7. barninu vegna forfalla.

Það gekk erfiðlega að sinna undirbúning vegna forfalla og náðist að bæta það upp í desember.

Eftir áramót urðu þessar breytingar:

- 3 börn fædd 2019 fluttust yfir á Hestfjall
- 2 börn fædd 2020 byrjuðu 10. janúar 2022 – og voru þá orðin 6 börn í Heklu
- 2 börn fædd 2021 byrja 31. jan 2022 og verða þá orðin 8 börn í Heklu
- 2 börn fædd 2021 byrja í mars 2022 og verða þá orðin 10 börn í Heklu
- Berglind sem byrjaði í Leikholti í nóvember verður afleysing og síðan 50% stöðu í Heklu frá 31. jan og svo 100% staða í mars 2022
- Anna María kemur inn að leysa af í undirbúning og forföll

Hekla

1. Birkir Hrafn
2. Dagbjört
3. Elvar Þorri
4. Edda Karen
5. Arnór Elí byrjar 10. janúar 2022
6. Brímar Steinn byrjar 10. janúar 2022
7. Jóhann byrjar 31. janúar 2022
8. Ragnhildur Steinunn byrjar 31. janúar 2022
9. Steinunn Birna byrjar í mars 2022
10. Rúrik Örn byrjar í mars 2022

Starfsmenn í Heklu:

- **Oddný Stefanía deildarstjóri**
- Rakel háskólamenntaður starfsmaður með B.Ed. í leikskólakennarafræðum
- Berglind Elsa leiðbeinandi
- Dís leikskólakennari starfi leysir kennara af í undirbúning



Oddný

Rakel



Berglind

Anna María



Aðrir starfsmenn:

Haustið 2021 byrjaði skipulagið svona fyrir aðra starfsmenn:

Aðrir starfsmenn

- **Elín Anna leikskólastjóri**
 - leikholt@leikholt.is – s. 486-5586/895-2995
- **Matla sérkennslustjóri** mun vera með okkur fyrstu dagana og þá fer hún námsleyfi í eitt ár og **Oddrún Þroskabjálfi** leysir hana af á meðan ásamt að leysa af undirbúning kennara inn á deildum.
- **Sigurlaug** byrjar hjá okkur aftur í október og leysir af undirbúning kennara inn á deildum.
- **Aleksandra** sér um eldhús og ræstingu.

Ráða þarf inn starfsmann eftir áramót vegna fjölgunar á börnum.



Breytingar urðu hjá Sigurlaugu eins og áður kom fram og Aleksandra fór inn á deild og í afleysingar frá og með 1. október 2021 og 18. nóv fór hún í 90% stöðu inn á Vörðufell.

Luiza fór í veikindaleyfi í haust og svo fæðingarorlof í nóvember.

Eydís Moon byrjaði að vinna 30. september 2021 í eldhúsi og ræstingum og var með samning út desember 2021.

Oddrún leysti Möttu í sérkennslunni á meðan hún fór í námsleyfi í vetur, sú staða er 60% og vann því Oddrún 40% inn á deildum og í nóv/des fór hún alveg í Hestfjall á móti sérkennslustöðunni.

Berglind byrjaði hjá okkur tímabundið í afleysingum þann 15. nóvember 2021. En byrjaði síðan í 100% stöðu þann 3. janúar 2022 og fram að sumarfrí – fyrst í afleysingum og svo eftir barnafjölgun alveg inn í Heklu.

Eydís hætti hjá okkur í janúar 2022 í eldhúsi og ræstingum og byrjaði Björgvin Máni hjá okkur í janúar í 90% stöðu með eldhús og ræstingu fram að sumarfrí. Sára koma aftur til okkar eftir áramót í 20% svo 40% stöðu inn á Hestfjalli.

Aðrir starfsmenn:

- **Elín Anna leikskólastjóri**
 - leikholt@leikholt.is – s. 486-5586/895-2995
- **Oddrún Þroskabjálfi** leysir sérkennslustjóra af þetta skólaár ásamt að vinna inn í Hestfjalli.
- **Berglind Elsa** mun vera í afleysingum eftir áramót og mun síðan fara meira inn í Heklu eftir sem börnum fjölgar
- **Eydís** hefur séð um **eldhús og ræstingu** síðan í haust en síðasti dagurinn hennar verður 4. janúar 2022 þann dag mun hann **Björgvin** koma og taka við af henni fram að sumarfrí.

Ráða þarf inn starfsmann í mars vegna fjölgunar.



Leikskóladagatal 2021-2022

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2021 - 2022



Nafn leikskóla:

Leikskólinn Leikholt

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 S	1 M	1 F <i>Bíði borgara dagurinn</i>	1 M	1 M <i>Fúlvéldisdagurinn</i>	1 L <i>Nýársdagur</i>	1 Þ	1 Þ <i>Sprengidagur</i>	1 F <i>Blár dagur</i>	1 S <i>Veikalýsdagurinn</i>	1 M	1 F <i>Sumarfrí byrjar</i>
2 M <i>Fridagur verslunamanna</i>	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 M <i>Óskudagur</i>	2 L	2 M	2 F	2 L
3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F <i>Jólasveinveitidagur</i>	3 M <i>Starfsdagur</i>	3 F	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S
4 M	4 L	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F	4 F	4 M	4 M <i>Óðruvísi dagur</i>	4 L	4 M
5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 L	5 L	5 Þ	5 F	5 S <i>Hvítasunnudagur</i>	5 Þ
6 F <i>Starfsdagur</i>	6 M	6 M	6 L	6 M	6 F <i>Þrettándinn</i>	6 S <i>Dagur leikskólans</i>	6 S	6 M	6 F	6 M <i>Amar í Hítasumu</i>	6 M
7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ <i>Baka Piparkökur</i>	7 F	7 M	7 M	7 F <i>Árshátíð</i>	7 L	7 Þ	7 F
8 S	8 M <i>Dagur íslens</i>	8 F <i>Starfsdagur/Haukstíng</i>	8 M <i>Baráttudagur gagn efnis</i>	8 M <i>Mala Piparkökur</i>	8 L	8 Þ	8 Þ	8 F	8 S	8 M <i>Óðruvísi dagur</i>	8 F
9 M <i>Opnum eftir 5. vikna sumarti</i>	9 F	9 L	9 Þ <i>Vasaljósadagur</i>	9 F	9 S	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 L
10 Þ	10 F <i>Rettdagur opið - skráning barna</i>	10 S	10 M	10 F	10 M	10 F	10 F	10 S <i>Pálmasunnudagur</i>	10 Þ	10 F	10 S
11 M	11 L	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F <i>Dagur íslenska tákna málsins</i>	11 F <i>Mottudagurinn</i>	11 M	11 M	11 L	11 M
12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S	12 M <i>Dótadagur</i>	12 L	12 L	12 Þ	12 F	12 S <i>Sjömannadagurinn</i>	12 Þ
13 F	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 S	13 S	13 M	13 F	13 M	13 M
14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 M	14 M <i>Dagur stærðfræðinnna</i>	14 F <i>Skírdagur</i>	14 L	14 Þ	14 F
15 S	15 M	15 F <i>Blíkur dagur</i>	15 M	15 M	15 L	15 Þ	15 Þ	15 F <i>Fótbúlagurinn langi</i>	15 S	15 M	15 F
16 M	16 F <i>Dagur íslenskra stúlkna</i>	16 L	16 Þ <i>Dagur íslenskra stúlkna</i>	16 F <i>Litlu jólin</i>	16 S	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 L
17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F	17 M	17 F	17 F	17 S <i>Páskadagur</i>	17 Þ	17 F <i>Lýðveldisdagurinn</i>	17 S
18 M	18 L	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F	18 F <i>General prófu</i>	18 M <i>Amar í páskum</i>	18 M	18 L	18 M
19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 L	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ
20 F	20 M	20 M	20 L <i>Dagur mannráttinda barna</i>	20 M	20 F	20 S <i>Konsudagur</i>	20 S	20 M	20 F	20 M	20 M
21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ	21 F <i>Böndadagur</i>	21 M <i>Starfsdagur</i>	21 M <i>Downs dagurinn 21.3</i>	21 F <i>Sumardagurinn fyrsti</i>	21 L	21 Þ	21 F
22 S	22 M	22 F	22 M <i>Starfsdagur</i>	22 M	22 L	22 Þ	22 Þ	22 F	22 S	22 M <i>Vorhátíð</i>	22 F
23 M	23 F	23 L	23 Þ <i>Fyrsti vetrardagur</i>	23 F	23 S <i>Þorláksmessa</i>	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 L
24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F <i>Aðfangadagur jóla</i>	24 M	24 F	24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S
25 M	25 L	25 M	25 F	25 L <i>Jóladagur</i>	25 Þ	25 F	25 F	25 M	25 M <i>Starfsdagur</i>	25 L	25 M
26 F	26 S <i>Evrópski tungumáladagur</i>	26 Þ <i>Bangsá og náttföndagur</i>	26 F	26 S <i>Amar í jóðum</i>	26 M	26 L	26 L	26 Þ	26 F <i>Uppsláingardagur</i>	26 S	26 Þ
27 F	27 M	27 L	27 M	27 S <i>Opíð - Skráning barna</i>	27 F	27 S	27 S	27 M	27 F	27 M	27 M
28 L	28 Þ <i>Óðruvísi dagur</i>	28 F	28 S	28 Þ <i>Opíð - Skráning barna</i>	28 F	28 M	28 M <i>Boikudagur</i>	28 F	28 L	28 Þ	28 F
29 S	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L	29 Þ	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F
30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F <i>Opíð - Skráning barna</i>	30 S	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F	30 L
31 Þ <i>Óðruvísi dagur</i>	31 F	31 S	31 M	31 F <i>Gamlaársdagur</i>	31 M	31 F	31 F	31 Þ	31 M	31 F	31 S

Starfsdagur eru 6 talsins. Þeir dagar eru merktir með grænu og með lás. Því leikskólinn er lokaður. Stjardagurinn og dagarnir milli jóla og nýárs eru valkvæðir, þ.e.a.s. þá daga er opið en skylda að skrá með fyrirvara mætingu barna. Óðruvísi dagar eru merktir með vírauðu lettri og þá kjósa börnin um hvort séu litadagar, Rugldagar, Kósýdagar, Hattadagar o.s.frv.

Sóttvarnir héldu áfram eftir áramót eins og síðustu tvö ár og var lögð áhersla á handþvott, grímuskylda fyrir foreldra og minnt á fara í skimun ef einhver einkenni eru.

2 METRAR Á MILLI

Leikskólar
50 börn
20 starfmenn

Grímuskylda fyrir foreldra

Starfsemi sem krefst nánda
Grímuskylda

Alltaf að þvo hendur við komu í leikskólann

1. Nuddið lófum saman
2. Nuddið bæði handarbökin
3. Nuddið vel milli fingra
4. Nuddð báða þumalfingur
5. Nuddð fingurgóma og neglur
6. Nuddð vel báða lófana

Einnig þegar komið er að sækja seinnipartinn

Einstaklingsbundnar sóttvarnir

- Virðum 2 metra nálægðarmörkin
- Þvöum hendur reglulega og sóttreinsum
- Loftum reglulega út
- Notum andlitsgrímur þegar við á
- Ertu með einkenni? Farðu í skimun

▶ Við erum öll almannavarnir



Stefna Leikholts

Í leikskólanum okkar er unnið að námssviðum Aðalnámskrár (2011) út frá einkunnarorðunum okkar sem eru:

Gleði, vinsemd og virðing.

Áherslupættir okkar í starfi eru *leikur, lífsleikni umhverfismennt, mál og alls kyns læsi.*

Allir þessir þættir tengjast og skarast í daglegu starfi leikskólans.

Leikur er nám.



Stefna Leikholts og áherslur er með svipuðu sniði og síðustu ár nema að eiginleg ART-kennsla hefur hætt og í staðinn var sett upp stefna með Lífsleikni og agastefnu sem inniheldur stýrimyndir Bínu, vináttu- og forvarnarverkefnið Blær ásamt orðræðu ART. Stefnt er að Agastefnan fari fyrir skólanefnd á vorönn 2022.

Grænfána verkefnið er búið að vera í pásu „útaf dottlu“ en mun vakna núna í janúar 2022 og vera vakið af nýjum verkefnastjórum: Aleksöndru og Helgu sem munu sjá um verkefni ásamt börnunum í Vörðufelli.

Sérkennsla

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls sér um stoðþjónustu fyrir leik- og grunnskóla í sveitarfélögunum: Bláskógabyggð, Flóahreppi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Hrunamannahreppi, Hveragerðisbæ, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Sveitarfélaginu Ölfusi.


Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls starfar á grundvelli reglugerðar nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga. Markmið skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls og upplýsingar varðandi hvers konar þjónustu og starfsmenn er hægt að nálgast á heimasíðu skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls: <http://arnesthing.is/>.

Snemmtæk íhlutun er alltaf mikilvæg og minnum við á verkferli sérkennslunnar í Leikholti og minnum á að dyr okkar eru alltaf opnar fyrir foreldrum með þælingar eða áhyggjur.

Oddrún Þroskaþjálfari mun sjá um sérkennslu í Leikholti í vetur á meðan Matta er í námsleyfi og er í 60% stöðu sem sérkennslustjóri.

Markmið snemmtækrar íhlutunar í Leikholti:

- Að auka færni barna miðað við þroskastig þeirra og stuðla að því að hvert og eitt geti þroskast sem best á eigin forsendum.
- Að hefja markvissa íhlutun/sérkennslu um leið og grunur um frávik vaknar eða þörf talin á viðbótarkennslu, þó greining viðurkenndra greiningaraðila liggi ekki fyrir.
- Að styðja við og efla málþroska tvítýngdra barna.
- Að gerðar séu einstaklingsnámskrár/þjálfunaráætlanir með skýrum og mælanlegum markmiðum sem byggja á skráningum og skimunum kennara leikskólans og annarra sérfræðinga þegar við á.
- Að vinna með börnum í hópum sem og einstaklingsþjálfun eftir þörfum hvers og eins.
- Að stuðla að því að þeir sem koma að kennslu og þjálfun þekki markmiðin og áherslur og séu þátttakendur í þarfagreiningu og endurmati.
- Að foreldrar fái reglulega upplýsingar um námsframvindu og áherslur og fái einnig tækifæri til að koma að markmiðasetningu og þjálfun.



Foreldrar eru ávallt sérfræðingarnir í sínum börnum 😊

Foreldrasamstarf

Við leikskólann er notuð aðlögun sem við kjósum að kalla Þátttökuaðlögun, en meginmarkmið hennar er að gefa foreldrum tækifæri til að kynnast starfsfólki og starfsemi leikskólans og að barnið kynnist leikskólanum í öruggum höndum foreldranna.

Aðlögunin tekur um þrjá daga, þar sem foreldrar eru með barninu í mismunandi marga klukkutíma í senn. Gert er ráð fyrir fullri þátttöku foreldranna í starfi leikskólans þá daga sem aðlögunin á sér stað. Talið er að öruggir foreldrar smiti eigin öryggiskennd yfir til barna sinna: **öruggir foreldrar = örugg börn.**

Aðferðin byggist líka á því að ekki sé verið að venja barnið við að vera skilið eftir í leikskólanum, heldur sé það að læra að vera í nýjum aðstæðum. Foreldrar fá einnig tækifæri til að kynna leikskóladegi barnsins.

Foreldrasamstarf – foreldrasamvinna

Við leggjum áherslu á góð samskipti og viljum að foreldrar finni sig ávallt velkomna í leikskólann. Það er mikilvægt að góð samvinna takist milli foreldra barnsins og starfsfólks.

Til að barninu líði sem best í leikskólanum er nauðsynlegt fyrir starfsfólkið að vita um líðan barnsins og venjur heima fyrir. Einnig er mikilvægt að foreldrar fái upplýsingar um hvernig dagurinn í leikskólanum gekk, þ.e. viðfangsefni og atvik dagsins. Oft veldur lítið atvik, hvort sem er í leikskólanum eða heima, því að hegðun barnsins er ekki söm og áður. Þá geta upplýsingar auðveldað foreldrum og starfsfólki að vinna úr þeim málum.

Á heimasíðu hreppsins er undirsíða fyrir leikskólann og þar er allar mikilvægar upplýsingar að finna eins og leikskóladagatal, nöfn starfsmanna, upplýsingar um stefnu og fleira sem tengist starfi leikskólans. Á Facebook síðu leikskólans eru reglulega settar inn upplýsingar t.d. fréttir úr starfinu, myndir og tilkynningar. Ákveðnar reglur gilda um hópinn sem kynntar eru foreldrum þegar þeir eru með börn í aðlögun.

Foreldraviðtöl

Skipulögð foreldraviðtöl eru við alla foreldra einu sinni á ári og er skipt þannig að foreldrar þeirra barna sem fædd eru á fyrri hluta árs koma í viðtal í nóvember. Foreldrar þeirra barna sem eru fædd seinni hluta árs koma í viðtal í febrúar. Börn sem eru í sérkennslu koma í viðtal tvisvar á ári til þess að hægt sé að fara yfir einstaklingsnámskrá.

Tilgangur viðtalanna er að skiptast á upplýsingum um barnið og efla samstarf milli leikskóla og heimilis. Farið er yfir Færniskema Leikhols og aðrar skimanir þar sem foreldrar fá að sjá hvar barnið er statt.

Foreldrar og kennarar geta einnig óskað eftir aukaviðtölum ef þurfa þykir.

Að hausti hefur venjulega verið kynningarfundur fyrir foreldra þar sem vetrarstarfið er kynnt, að þessu sinni fór kynningin rafrænt í pdf formi í tölvupósti og á Facebook síðu leikskólans vegna covid ástæðna.

Foreldrafélag

Foreldrafélag skólans heitir Leiksteinn og sinnir hlutverki foreldrafélags og foreldraráðs.

Stjórn félagsins skal skipuð þremur aðilum: formanni, gjaldkera og ritara. Stjórnin skal kosin til tveggja ára í senn, tveir annað árið og einn hitt árið. Einnig skal kjósa þrjá varamenn með sama fyrirkomulagi, tveir eitt árið og einn hitt og þá til tveggja ára í senn.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins skal boða til aðalfundar á haustin ár hvert og skal hann boðaður með minnst viku fyrirvara.

Tilgangur foreldrafélagsins er að stuðla að og efla samskipti heimila og skóla. Gott samstarf er á milli skóla og foreldrafélagsins. Foreldrafélagið hefur ávallt verið tilbúið að koma að ýmsum viðburðum innan skólans og tekur virkan þátt í því starfi. Foreldrafélagið hefur einnig staðið fyrir og fjármagnað ýmsar skemmtanir fyrir börn og foreldra.

Foreldrafélagið stendur í samstarfi við Leikholt og foreldrafélag Þjórsárskóla fyrir fyrirlestrum og kynningarefni sem nýtist foreldrum, börnum og starfsfólki. Foreldrafélagið fer einnig með hlutverk foreldraráðs. Tilgangur foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefnda um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskóla.

Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan skólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum.

Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn 15. nóvember 2021 og var kosið í nýja stjórn:

- Matthildur María Guðmundsdóttir er formaður til eins árs matthildurmg@gmail.com
- Kristín Eva Einarsdóttir er ritari til 2 ára
- Hróðný Jónsdóttir er gjaldkeri til 2 ára

Varamenn eru:

- Gestur Einarsson
- Hulda Einarsdóttir

Formaður er áheyrendafulltrúi foreldra á skólanefndarfundum og þar sem í leikskólanum eru fá börn þá starfar foreldrafélagið einnig sem foreldraráð.

Starfsáætlun Leiksteins og starfsreglur má sjá á heimasíðu hreppsins.

Skólanefnd

Hlutverk skólanefndar er að vera með faglega umsjón með starfsemi leikskóla. Nefndin skal hafa eftirlit með því að stofnanir starfi innan ramma laga, reglugerða og samþykka á hverjum tíma. Sjá nánar skilgreint í lögum um leik- og grunnskóla.

Aðalmenn:

- Einar Bjarnason, formaður
- Helga Úlfarsdóttir
- Ástráður Unnar Sigurðsson
- Ingvar Þrándarson
- Anna María Flygenring

Fulltrúar sem sitja skólanefndarfundum vegna leikskóla:

- Helga Guðlaugsdóttir, fulltrúi starfsfólks Leikholts.
- Matthildur María Guðmundsdóttir, fulltrúi foreldra.
- Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri Leikholts.

Mat á skólastarfi

Mikilvæg skylda er að meta skólastarf og er markmið með Innra mati á leikskólastarfi að stuðla að bættu starfi leikskóla og veita upplýsingar um hvort starfsemi leikskólans sé í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá leikskóla.

Sérstaða og gildi hvers skóla eru leiðandi fyrir hvernig metið er. Matsaðferðir sem notaðar eru í Leikholti:

Í námsmati barna er notað;

- Færniskema Leikholts
- TRAS skimunartæki á málþroska 2-5 ára barna
- Hljóm2 greiningartæki sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum

- MOT hreyfiproskapróf – ef grunur er um veikleika í hreyfiproska.
- Ef grunur er um frávik er notast við íslenska smábarnalistann og íslenska þroskalistann, ásamt fleiri þroskalistum sem aðgangur er að í gegnum Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.
- Einnig hefur sérkennslustjóri notast við Íslenska máhljóðamælirinn sem er forrit sem mælir getu barna í framburði og hljóðkerfisþáttum, forritið er matstæki sem sérkennslustjóri notar þegar þarf.
- Starfsmannafundur einu sinni í mánuði fyrsta þriðjudag hvers mánaðar kl. 16:00- 18:00, þeir eru mjög mikilvægir fyrir samskipti starfsmanna, skipulagningu og mat á skólastarfi. Ef starfsdagur er í sama mánuði höfum við fært starfsmannafundina yfir á þá daga til að spara yfirvinnutíma á leikskólann og álag á starfsmenn að vinna lengur.
- Leikskólastjóri tekur starfsmenn í starfsmannasamtöl á vorönn og er spurningalisti lagður fyrir þá til að meta starfið í endurmati á starfsdegi 3. janúar 2022. Þar meta starfsmenn starfið á og svo aftur í maí/júní, hvernig svona daglegt starf gengur fyrir sig og hvort einhverju þarf að breyta, og gerð verður umbótaáætlun.
- Börnin eru spurð spurninga að vori, hvað þeim þykir skemmtilegt, leiðinlegt og hvort eitthvað mætti vera öðruvísi eða hvort eitthvað vanti. Stundum er gerð könnun um þætti í starfinu. Það er mat barnanna á starfinu.
- Leikholt mun taka þátt í Skólapúlsinum með Foreldrakönnun og Starfsmannakönnun eftir áramót. Þar verður starfið metið og fengið álit þeirra á starfi í leikskólans.
- Í vetur er stefnan að hafa vikulega deildarstjórafundi á þriðjudögum þar sem leikskólastjóri, og deildarstjórnarnir þrír hittast og fara yfir vikuna og komandi verkefni.
- Í vetur ætlum við líka að gefa deildunum tækifæri á að hafa deildarfundu einu sinni í viku, þar sem hægt er að samstillja strengi með faglegt starf, skipuleggja og gera námsmat. Leikskólastjóri mun leggja sitt af mörkum að leysa af starfsmenn til að hægt sé að funda með deildunum.

Samstarf milli leik- og grunnskóla

Markmið samstarfs leik- og grunnskóla er að byggja brú þar sem skólastigin mætast og nýta sér það besta sem hitt hefur upp á að bjóða. Félagssleg og tilfinningaleg líðan barna, hvað varðar flutning á milli skólastiga, er eitt af lykilatriðum sem hafa áhrif á velgengni og námsárangur í grunnskóla.

Samstarf kennara skólanna gerir það að verkum að viðtökukennarinn þekkir styrkleika og veikleika barnanna og getur því komið betur til móts við þarfir þeirra í upphafi grunnskólagöngunnar. Það er því óhætt að segja að elstu leikskólabörnin séu betur í stakk búin til að hefja grunnskólagönguna af fullum krafti með þessum kynningum.

Samstarfið er framkvæmt með eftirfarandi leiðum: - Elstu börn leikskólans heimsækja Þjórskóla, einu sinni í viku í september, október og nóvember og svo aftur í febrúar til apríl. Að lokum einn heilan dag í maí, þar sem þau fara að heiman með skólabíl og aftur með honum heim að loknum skóladegi. Börnin í 1. bekk Þjórskóla koma í heimsókn í Leikholt einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir áramót.

Búið er að hafa einn samráðsfund milli leik- og grunnskóla og setja niður sameiginleg þemu og verkefni. Haukur Vatnar mun vera með skólahópin í vetur og Kristín mun sjá um samstarfið í grunnskólanum.

Lokaorð

Þessi starfsáætlun var rituð í ágúst 2021 og síðan bætt við hana í janúar 2022. Efni sem var sett í rafræna kynningu fyrir foreldra þetta árið var mikið nýtt í þessa áætlun. Leikskólastjóri komst ekki í að klára áætlunina fyrr en í janúar vegna þess að hann fór í að leysa af forföll í starfsmannahópi. Því var ákveðið að bæta við hana áður en hún færi fyrir fund: Skólanefndarfund í 25. janúar 2022.

Hér í Leikholti er mikill samhugur hjá starfsmönnum að vinna vel saman að menntun og umönnun barnanna í Leikholti. Starfsfólkið er einlægt, sveigjanlegt, jákvætt og alltaf til í að leita nýrra lausna.

Það eru alltaf mikil forréttindi að fá að vinna í svona faglegum og flottum leikskóla og er undirrituð mjög þakklát fyrir þann heiður að fá að vera hér.

Við teljum menntun barna á fyrsta skólastiginu mjög mikilvæga og höldum áfram að vinna starf okkar eftir því.

Starfsmenn í Leikholti eiga hrós skilið að vinna svona gott starf á þessum skrítnu covid tímum.

Leikholt, 24. janúar 2022

Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri